

**Svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) vegna máls nr. US190394 frá 31. fundi Umhverfis- og heilbrigðisráðs – Fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins um mengunarmæla í Reykjavík.**

1. Gert er ráð fyrir að átt sé við loftgæðamæla í spurningunni en í Reykjavík eru fimm loftgæðamælistöðvar:

- Tvær fastar stöðvar á vegum ríkisins (Umhverfisstofnun) og eru þær staðsettar á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG).
- Tvær færanlegar loftgæðamælistöðvar á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Tvær á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sem staðsettar eru annars vegar í Norðlingaholti og hinsvegar í Úlfarsárdal.

Hægt er að nálgast upplýsingar um rauntímamælingar á loftgæðum í borginni og hvar færanlegu stöðvarnar eru staðsettar hverju sinni hér <https://reykjavik.is/thjonusta/loftgaedi-i-reykjavik>.

2. Lagt er til að fyrirspurnin verði send Vegagerðinni sbr. ákvæði 7. gr. stjórnýslulaga nr. 97/1993. HER er ekki kunnugt um að Vegagerðin sé með t.d. loftgæðamæla.

3. Færanlegar loftgæðamælistöðvar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafa í gegnum tíðina m.a. verið staðsettar í nágrenni við Landspítalann bæði í Fossvogi við Ánaland og Fossvogsskóla, og í nágrenni Landspítalans við Hringbraut þ.e. við Hringbraut 24, Hringbraut 26, við Læknagarð og við Eiríksgötu.

2. Núna er önnur loftgæðafarstöðin staðsett í nágrenni Landspítala-Klepp.

4. Færanlegir loftgæðamælar eru staðsettir á hverjum tíma þar sem metið er að mengun geti verið mikil og haft áhrif á fólk eða rannsókn mála stendur yfir t.d. vegna kvartana. Það sama á við færanlega hávaðamæla.

Reykjavík 14. janúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

**Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins,** Mál nr. US190394  
*menkunarmælar í Reykjavík*

Fyrirspurnir um mengunarmæla til skriflegs svars

1. Hvar eru mengunarmælar staðsettir í Reykjavík?
2. Hvar eru mengunarmælar Vegagerðarinnar staðsettir og hvar eru mengunarmælar borgarinnar staðsettir?
3. Hafa verið settir upp mengunarmælar við Landspítalann?
4. Hvernig er tekin ákvörðun um staðsetningu færanlegra mengunarmæla?